

Foreldrafélag Leikskóla Seltjarnarness

Fundargerð

18.03.2015 kl: 20:30

Mættir eru: Ásgerður Hrönn Hafsteinsdóttir, Gerður Guðjónsdóttir, Karen Bjarney Jóhannsdóttir, Rakel Viðarsdóttir, Sonja Bergmann og Guðrún Heimisdóttir.

Foreldrakaffi í apríl

Áhugi er fyrir því að athuga hvort að foreldrafélagið geti fengið lykllana af leikskólanum einhverja sunnudaga og halda foreldrakaffi með börnunum frá svona 11-13. Hugmynd var að baka vöflur og hafa kaffi og börnin gætu leikið sér saman og foreldrarnir kynnst. Mögulega gætu tvær deildir eða árgangar haldið saman. Starfsmönnum væri velkomið að koma en ekki skylda.

Athuga þyrfti með þrif.

Hvetja foreldra til að svara tölvupóstum frá deildarstjórum.

Fulltrúar foreldrafélagsins ætla að reyna að hvetja aðra foreldra til að svara póstum frá deildarstjórum og þakka fyrir þá. Meðlimir foreldrafélagsins telja þessa pósta mjög mikilvæga og nauðsynlega að deildarstjórnir upplifi að foreldrum þykir þetta mikilvægt og skemmtilegt að fá þessa pósta.

Sendu póst frá foreldrafélaginu

Guðrún Heimis ætlar að senda öllum foreldrum tölvupóst og minna á facebook síðu foreldrafélagsins og biðja foreldra að gerast meðlimir.

Sumarhátíð

Leikhópurinn Lotta: Sonja var búin að senda póst.

Aðrar hugmyndir voru: Lína langsokkur og brúðubíllinn.

Fá lúðrasveitina eða samspilshóp úr tónlistarskólanum til að spila: Sonja ætlar að athuga með.

Myndataka

Fá ljósmyndarann Hörpu Hrund: Ásgerður ætlar að heyra í henni og athuga hvort hún sé laus í maí.

Krakkahestar

Ásgerður ætlar að athuga með í lok maí eða byrjun júní.

Fundi slitið kl: 22:30

Fundarritari: Karen Bjarney Jóhannsdóttir